

Áttundi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 6.október 2011 við Tjarnarstíg kl. 11.00

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara Guðný Róbertsdóttir og Sigríður Ingimundardóttir. Fyrir hönd starfsfólks Helga Ingimarsdóttir. Fyrir hönd nemenda Ágúst Örn Jónsson og Daníela Jóhannsdóttir. Aðstoðarskólastjóri Ríkey Sigurbjörnsdóttir og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri mættu einnig til fundarins.

Skólastjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

2. Skipan skólaráðs skólaárið 2011-2012 og áætlun um fundi.

Farið var yfir upplýsingar af heimasíðu skólans þar sem tíundað er hverjir eiga sæti í ráðinu á skólaárinu og útbúin áætlun um fjölda funda í vetur og þeir tímasettir.

Áætlun um skólaráðsfundi skólaárið 2011-2012

1. 6. október kl. 11.10 við Tjarnarstíg
2. 3. nóvember kl. 11.10 við Norðurgötu
3. 1. desember kl. 11.10 við Hlíðarveg
4. 26. janúar kl. 11.10 við Tjarnarstíg
5. 14. febrúar opinn fundur um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins
6. 1. mars kl. 11.10 við Norðurgötu
7. 3. maí kl. 11.10 við Hlíðarveg

Hugmyndir komu fram um að opni fundurinn 14. febrúar yrði í samvinnu við foreldrafélag GF og að efni hans gæti t.d. tengst Olweus áætlun, forvörnum eða innleiðingu Uppbyggingarstefnu.

3. Hlutverk skólaráðs

Skólastjóri dreifði REGLUGERÐ nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla.

4. Skólareglur

Farið yfir endurskoðaðar skólareglur skólans.

5. Olweus áætlun skólans

Fundarmenn fóru yfir vinnureglur skólans sem dreift var nýlega til foreldra um það þegar grunur um einelti er tilkynntur til eineltisteymis. Foreldrafulltrúi vakti athygli á setningu sem er óþörf og verður tekin út.

6. Önnur mál

Foreldrafulltrúi ráðsins óskaði eftir því að bókað yrði að sundlaugarvörður yrði alltaf að vera til staðar við bakka lauganna í Fjallabyggð þ. e. í vaktbúrinu eða á sundlaugabakkanum þegar sundkennsla fer fram. Á fundinum var fullyrti að vaktmaður væri ekki alltaf til staðar við sundlaugarbakka á Siglufirði t.d. á opnunartíma fyrir almenning.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.10

Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri